

**30. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
miðvikudaginn 26. október 2022, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen, Kjartan Geir Karlsson og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Aðalskipulag Súðavíkurrepps 2019-2030, breyting - 2110005**

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags 16. september 2022 er varðar staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Súðavíkurrepps vegna breyttrar landnotkunar innan Langeyrar, við Ákabúð og í Eyrardal.

*Lagt fram til kynningar.*

*Samþykkt*

**2. Meltutankur á hafnarsvæðinu - 2209003**

Tekið fyrir erindi frá Pavle Estrajher, forstjóra Arctic Protein dags. 15. september 2022 er varðar mögulega staðsetningu meltutanks á hafnarsvæðinu í Súðavík. um er að ræða 25 tonna tank í gámagrind til að byrja með.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstórn að Arctic Prótein fá lóð á Norðurgarði undir 25.000 lítra tank. Nefndin gerir kröfu um að umgengni um svæðið verði snyrtileg.*

*Samþykkt*

**3. Strengleið frá Langeyri að Svarthamri - 2209005**

Lagður fram tölvupóstur frá Benedikt Ólafssyni fyrir hönd Orkubús Vestfjarða dags. 19. september 2022 er varðar leyfi til að leggja 11 kV streng og ljósleiðara frá Langeyri að Svarthamri.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir framkvæmdinni.*

*Samþykkt*

**4. Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar vegna Mjólkárlínu 2 - 2210004**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Helgu Þuríði Magnúsdóttur dags. 11. október 2022 er varðar vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæ 2008-2020, Mjólkárlína í Arnarfirði.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fagnar því að hringtenging milli Mjólkár, Bíldudals og Tálknafjarðar sem komin á dagskrá og gerir ekki athugasemd við*

*breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.*

*Samþykkt*

5. **Breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna veglagningar yfir  
Dynjandisheiði - 2210005**


Tekinn fyrir tölvupóstur dags. 25. október 2022 frá Helgu Þuríði Magnúsdóttur f.h. Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn varðandi áforma Vegagerðarinnar að endurbyggja veg nr. 60 yfir Dynjandisheiði.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki ahgugasemd við breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna breytingu á legu vegarins frá Mjólkárhlíð að sveitarfélagsmörkum Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar. Nefndin fagnar framkominni tillögu.*

Fundi slitið kl. 17:45.


  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
Hulda Gunnarsdóttir

  
Valgeir Scott

  
Bragi Þór Thoroddsen

  
Kjartan Geir Karlsson

  
Jóhann Birkir Helgason